

Samningur um eldvarnareftirlit í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi

Brunavarnir Suðurnesja (hér eftir „BS“), kt. 490775-0569, og Vesturbyggð, kt. 510694-2369 og Tálknafjarðarhreppur kt. 640269-6779 (hér eftir „sveitarfélaganna“) gera með sér eftirfarandi samning um eldvarnareftirlit á þjónustusvæði sveitarfélaganna á grundvelli laga nr. 75/2000 um brunavarnir.

1. gr.

Tilgangur og gildistími

Tilgangur samningsins er að halda uppi reglubundnu eftirliti á grundvelli og í samræmi við lög um brunavarnir. Samningurinn gildir frá 1. ágúst 2023 til 31. desember 2024.

2. gr.

Ábyrgð

Slökkviliðsstjóri BS tekur að sér ábyrgð á eldvarnareftirliti í sveitarfélögunum eftir þeim lögum og reglum sem gilda um eldvarnareftirlit á þeim tíma sem samningurinn er í gildi. Slökkviliðsstjóri BS undirritar kröfu- og ábendingabréf og kemur þeim til umráðamanna/eigenda fasteigna. Slökkviliðsstjóri BS fylgir einnig eftir kröfum um lagfæringar. Slökkviliðsstjóri BS tekur stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt lögum um slökkvilið varðandi eldvarnareftirlit og getur beitt réttar- og þvingunarúrræðum í sveitarfélögunum.

3. gr.

Framkvæmd eldvarnareftirlits

Starfsmenn BS eða aðrir (hér eftir „eftirlitsmenn“) sem hafa réttindi til að vinna eldvarnareftirlit sjá um framkvæmd eftirlits. Við framkvæmd eftirlits skal stuðst við brunavarnaráætlun Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Vísað er í brunavarnaráætlunina og meðfylgjandi forgangslist á skoðunarskyldu húsnæði í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp. Húsnæðinu er skipt í flokka eftir því hvort eldvarnareftirliti skuli sinnt á hverju ári, annað hvert ár, þriðja hvert ár eða fjórða hvert ár. Að öðru leyti skal eftirliti fylgt í samráði við slökkviliðsstjóra BS og bæjarstjóra Vesturbyggðar.

Eftirlitsmenn mæta til úttektar í sveitarfélögum tvisvar sinnum yfir veturinn og verða í eina viku í senn, eða skemur út frá verkefnastöðu, og taka til eftirlits fasteignir í samræmi við forgangslista í viðhengi.

Sveitarfélögin afla allra nauðsynlegra gagna um fasteignina samkvæmt beiðni eftirlitsmanna, s.s. síðustu samþykktu uppdrætti, kennitölur eigenda, upplýsingar úr landsskrá fasteigna o.fl. Göngin skulu send með rafrænum hætti á eftirlitsmenn.

4. gr.

Rafrænar tilkynningar

Eftirlitsmenn hafa fullan aðgang að forritinu Brunaverðir og skrá með rafrænum hætti allar aðgerðir eldvarnareftirlitsins hvort sem er um að ræða skoðanir, endurkomu, beitingu þvingunarúrræða eða aðra vinnu sem unnin er í tengslum við eftirlitið.

5. gr.

Öryggis- og loka úttektir

Eftirlitsmenn sjá um öryggis- og loka úttektir á húsnæði í samráði við byggingarfulltrú þegar þörf er á. Eftirlitsmenn mæta sérstaklega ef svo ber undir í líkar úttektir í samráði við byggingarfulltrúa.

6. gr.

Umsögn vegna rekstrarleyfa

Eftirlitsmenn skulu gefa umsagnir þegar sótt er um rekstrarleyfi, breytingu á rekstrarleyfi eða annað sem krefjast afstöðu slökkviliðs, sbr. 10. gr. laga nr. 85/2007.

7. gr.

Greiðsla fyrir þjónustuna

Sveitarfélögin greiða samkvæmt gjaldsskrá BS fyrir þá þjónustu sem veitt er samkvæmt þessum samningi. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við skoðun fasteigna á gildistíma samningsins sé kr. 3.750.000,-. BS mun senda reikninga vegna þessa til Vesturbyggðar. BS senda mánaðarlega reikning með jöfnum greiðslum á gildistíma samningsins.

8. gr.

Varnarþing og uppsögn

Samningur þessi er í samræmi við íslensk lög. Rísi mál vegna hans skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða. Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara frá og með fyrstu mánaðarmótum á eftir að tilkynnt er um uppsögn. Þessi samningur framlengist ekki sjálfkarfa.

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna sveitarfélugganna.

Samningurinn er staðfestur með undirritun framkvæmdastjóra sveitarfélaganna og slökkviliðsstjóra BS.

F.h. Vesturbyggðar

F.h. Tálknafjarðarhrepps

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

F.h. Brunavarna Suðurnesja

Jón Guðlaugsson, slökkviliðsstjóri